



## FUNDARGERÐ

- Yfirskrift / efni:** 18. fundur stjórnar KLÍ, 2008-2009
- Staðsetning:** Skrifstofu KLÍ
- Hvenær:** Fimmtudag, 8.01.09 kl. 17.30
- Þátttakendur:** Þórir Ingvarsson (PI) formaður  
Þórarinn Már Þorbjörnsson (PMP) varaformaður  
Valgeir Guðbjartsson (VG) gjaldkeri  
Hörður Ingi Jóhannsson (HIJ) ritari  
Helga Sigurðardóttir (HS) varamaður
- Boðuð forföll:** Ásgrímur Helgi Einarsson (AHE) varamaður  
Guðmundur Sigurðsson (GS) varamaður  
Árni Geir Ómarsson (AGO) meðstjórnandi
- Fjarverandi:**
- Fundarritari:** VG

**Helstu mál:** Fundargerð s.f., keppnisgjöld, tölvupóstur, Íslandsmót ofl.

### Dagskrá fundarins:

#### 1. Fundargerð síðustu funda.

Fundargerð 17. fundar samþykkt samhljóma.

#### 2. Keppnisgjöld.

Miðað er við að allir sem eiga leiki til meðaltals á árinu 2008 greiði keppnisgjald – kr. 2500

#### 3. Tölvupóstur KLÍ

Póstföng [..@kli.is](mailto:..@kli.is) voru ekki tengd í tæplega viku, væntanlega hrundi kerfið þegar fréttabréf KLÍ fór út á milli hátíða. Búið er að laga þökk sé PH.

#### 4. Fyrirtækjaleikar Evrópu.

Kvóti er á þáttöku í fyrirtækjaleikum Evrópu (haldnir í Króatíu) og er miðað við max 60 lið, Ísland á ekki kvóta en PI ætlar að vera í sambandi við almenningsíþróttasvið ÍSÍ og fá þá til að tékka hvort sé hægt að koma liði að.

#### 5. Íslandsmótin.

Rætt var um framkvæmd – PI mun senda erindi á mótanefnd með fyrirspurn um hvort allt sé klárt og / eða hvort nefndin þarf aðstoð og þá hvaða, Rætt var um skráningarfrom, hvort ætti að fera með skráningu á netinu eða í tölvupósti, pósthformið verður notað fyrir Íslandsmót para, en netið fyrir Íslandsmót með og án forgjafar, HIJ sér um uppsetningu á skráningu á netinu og sér um það.

#### 6. Önnur mál.

Námskeið fyrir landsliðsþjálfara – málið rætt og niðurstaðan var sú að KLÍ mun aðstoða við að sækja námskeið hjá ETBF level 2, og jafnframt kanna áhuga annarra þjálfara (hjá félögunum) á námskeiðinu.

VG kynnti val landsliðsþjálfara á keppendum til þáttöku á EM unglina í Malmö um páskana, og leitaði eftir samþykki stjórnar á styrk til keppenda, ákveðið að styrkja hvern keppanda um 50 þúsund.

Fundi slitið 19.40

Næsti fundur 22.01.09 kl. 17.30